



Jafnréttisstofa

*Ársskýrsla
Jafnréttisstofu
2005*

*Jafnréttisstofa : Borgum við Norðurlóð : 600 Akureyri
Sími 460 6200 : bréfsími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is*

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Formáli.....	4
Hlutverk og skipulag.....	6
Starfið 2005.....	6
<i>Helstu áherslumál ársins</i>	6
Fimm ára afmæli Jafnréttisstofu.....	6
Bókasafn Jafnréttisstofu gefið bókasafni Háskólans á Akureyri.....	7
Evrópuverkefni.....	7
<i>Ráðgjöf og upplýsingar</i>	7
Einstaklingsmál.....	7
Jafnréttisáætlanir.....	8
<i>Skýrslur og umsagnir</i>	8
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.....	8
CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).....	8
ILO – Alþjóðavinnuumálastofnunin.....	8
Mannréttindanefnd Evrópuráðsins.....	8
Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins.....	9
Umsagnir.....	9
<i>Nefndir og vinnuhópar</i>	9
Jafnréttisráðgjafi í Suðurkjördæmi.....	9
Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	10
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is.....	10
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	10
<i>Málþing og opnir fundir</i>	10
8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna.....	10
<i>Námskeið</i>	10
<i>Verkefni</i>	11
Skiptir skeggrótin máli?.....	11
Konukrónan.....	11
Sports, Media and Stereotypes (SMS).....	11
Modern Men in Enlarged Europe.....	12
Modern Men in Enlarged Europe II.....	12
Konur kveðja, karlar eru um kyrrt.....	13
Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði.....	13
Mælistikur á launajafnrétti.....	13
Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna.....	14
Fostering Caring Masculinities.....	14
<i>Útgáfa og vefsíða</i>	14
www.jafnretti.is.....	14
Bókagreinar.....	15
<i>Kynningar í fjölmiðlum</i>	15
Fréttatilkynningar.....	15
<i>Fræðslufundir og erindi</i>	16
Heimsóknir á Jafnréttisstofu.....	16
Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu.....	16
Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra.....	17

Ráðstefnur og fundir erlendis.....	18
Erindi flutt erlendis	19
<i>Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.....</i>	<i>19</i>
<i>Norrænt samstarf.....</i>	<i>19</i>
MR-JÄM – Ráðherranefnd um jafnréttismál	19
ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál	19
Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna	20
Nefnd um karla og jafnréttismál	20
Nefnd um kynjaða hagstjórn.....	20
NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum.....	20
<i>Samstarf Norðurlandanna og Eyrstrasaltslandanna.....</i>	<i>20</i>
Nefnd um jafnréttismál	20
<i>Evrópskt samstarf.....</i>	<i>21</i>
Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.....	21
Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál	21
Framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál.....	21
EFTA vinnuhópur um jafnréttis- og fjölskyldumál	21
Daphne verkefnaáætlun ESB	21
Jafnréttisráð.....	22
Kærunefnd jafnréttismála.....	22

Formáli

Árið 2005 var viðburðaríkt ár á sviði jafnréttismála fyrir allt landið og mætti kalla það “stóra afmælisárið”. Árið var einnig mjög erilsamt hjá Jafnréttisstofu þar sem sérstök áhersla var lögð á að styrkja innviði stofunnar. Þann 15. september varð stofan 5 ára og var haldið upp á það m.a. með því að samþykkja starfsmannastefnu með jafnréttisákvæðum. Vill stofan með þessu ganga á undan með góðu fordæmi og sýna að minni fyrirtæki og stofnanir geta unnið samkvæmt jafnréttislögum. Á árinu var heimasíða stofunnar endurgerð, tölvukostur og ýmis forrit voru endurnýjuð, svo sem skjalavörsluforrit. Einnig var bókasafn Jafnréttisstofu gefið Háskólanum á Akureyri til eignar. Með því er vonast til að safnið nýtist betur fyrir námsmenn og aðra.

Verkefni stofunnar eru mjög fjölbreytileg og víðtæk og er í þessari ársskýrslu stutt yfirlit yfir öll helstu verkefni stofunnar. Ekki er unnt að gera grein fyrir öllum þeim málum sem stofan sinnir í þágu einstaklinga sem telja á sér brotið vegna kyns síns. Jafnréttisstofa veitir daglega ráðgjöf til opinberra aðila og fyrirtækja um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi þeirra.

Eins og áður hefur komið fram voru ýmis stórafmæli í áratuga baráttu á sviði jafnréttismála. Þessir viðburðir voru m.a. þeir að frú Vigdís Finnbogadóttir forseti varð 75 ára á árinu, haldið var upp á 90 ára kosningarétt kvenna, Kvenfélagasamband Íslands varð 75 ára og síðast en ekki síst var haldið upp á að 30 ár voru liðin frá kvennafrídeginum, þar sem þorri íslenskra kvenna lagði niður vinnu og krafðist jafnréttis. Síðustu árin hafa einkennst af miklum umræðum um jafnréttismál í þjóðfélaginu, sem hefur án efa haft áhrif á fjölda erinda sem stofunni berast.

Ég tel að jafnréttismálin hafi verið sérstaklega ofarlega í hugum landsmanna á árinu 2005. Nokkur mál fengu þó sérstaklega mikla umfjöllun í fjölmiðlum og sköpuðust miklar umræður á ýmsum sviðum jafnréttismála. Meðal þessa var mikil umræða um ofbeldismál gegn konum og börnum. Ég tel bók sem kom út um jólin og fjallaði um æsku Thelmu Ásdísardóttur og systra hennar vera kveikjuna að þeirri umræðu, en þær voru kynferðislega misnotaðar í æsku af föður sínum og fleiri mönnum. Einnig var mikil umræða um launamun kynjanna, ráðningu í störf, þátttöku kvenna í stjórnnum á vegum hins opinbera sem og á einkamarkaði, þátttöku kvenna í stjórn málum, konur í íþróttum og margt fleira. Athyglisvert var að fylgjast með umræðunni um jafnréttismál í tengslum við skipan á lista fyrir sveitastjórnakosningarnar og mátti sjá að kynferði frambjóðenda þótti víðast vera sjálfsagt og eðlilegt sjónarmið í því sambandi. Ég tel að orðið hafi nokkur viðhorfsbreyting að þessu leyti.

Eins og áður hefur komið fram var árið viðburðaríkt, en ég vil þó fjalla um tvennt sem átti sér stað árinu. Kvennafrídagurinn var haldinn hátíðlegur. Í kjölfar hans varð krafan um jafnrétti mjög hávær. Í tengslum við kvennafrídaginn stofnaði ríkisstjórnin sérstakan rannsóknasjóð, en í hann eru lagðar 10 milljónir á ári. Jafnréttisstofa fagnar því að eyrnamerkt er sérstakt framlag til rannsókna. Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins var haldin sérstök karlaráðstefna um jafnréttismál. Íslenskir karlar mættu þar og ræddu þessi mál en líkt og allir vita hafa konur verið leiðandi í umræðunni um jafnréttismál. Hana þarf að vikka út svo að bæði karlar og konur geti unnið saman að

Þessu markmiði. Eina konan sem fékk að mæta á ráðstefnuna var frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands.

Starfsfólk Jafnréttisstofu vill þakka hinum mörgu samstarfsaðilum stofunnar fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári. Stofan vill leggja sitt af mörkum til þess að ná því markmiði að jafnrétti náist á öllum sviðum samfélagsins og er tilbúin til að aðstoða þá sem til hennar leita í þessu sambandi.

Akureyri í júní 2006.

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.



Þingvellir 19. júní 2005.

Hlutverk og skipulag

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september 2000. Stofan starfar eftir reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu frá 2003.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2005 var: Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Anna Hallgrímsdóttir, Ingólfur V. Gíslason, Ingunn H. Bjarnadóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. Gísli Hrafn Atlason, Margrét Kristín Helgadóttir og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir störfuðu hjá stofunni í tímabundnum verkefnum á árinu 2005 og Húgrún R. Hjaltadóttir tók við starfi Ingunnar í lok árs.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa m.a. þessi verkefni með höndum, að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknnum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnanna og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram í lögnum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagsamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar, sem samþykkt var í ársbyrjun 2003.

Starfið 2005

Helstu áherslumál ársins

Fimm ára afmæli Jafnréttisstofu

Í tilefni af fimm ára afmæli Jafnréttisstofu var samþykkt starfsmannastefna með jafnréttisákvæðum. Jafnréttisstofa er lítill vinnustaður og því nær skylda jafnréttislaganna um jafnréttisáætlun ekki til hennar. Þrátt fyrir þetta vill stofan ganga á undan með góðu fordæmi og vonast til þess að aðrir smærri vinnustaðir taki jafnréttisákvæði þessarar starfsmannastefnu sér til fyrirmyndar.

Bókasafn Jafnréttisstofu gefið bókasafni Háskólans á Akureyri

Bókasafn Jafnréttisstofu hefur að geyma ýmis rit á sviði jafnréttismála en það hefur núna verið skráð í Gegni, tölvukerfi á vegum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Til þess að auðvelda enn frekar aðgengi almennings að bókasafninu er það nú í vörslu Bókasafns Háskólans á Akureyri þar sem hægt er að fá þær lánaðar m.a. í gegnum millisafnalán.

Evrópuverkefni

Á undanförunum árum hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í margvíslegum fjölþjóðlegum verkefnum innan ramma Jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins (ESB). Í ár var verkefnið *Sports, Media and Sterotypes* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir* unnið undir forystu Jafnréttisstofu. Önnur verkefni stofunnar á árinu voru eftirfarandi: *Modern Men in Enlarged Europe I og II*, *Konur kveðja, karlar eru um kyrrt, Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði, Mælistikur á launajafnrétti, Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna* og *Focus; Fostering Caring Masculinities*. Nánar er sagt frá Evrópuverkefnum annarsstaðar í skýrslunni.

Ráðgjöf og upplýsingar

Til Jafnréttisstofu geta einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf um málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Þeim sem nota þessa þjónustu fjölgar í hlutfalli við aukna vitund þjóðarinnar um jafnréttismál og vitund um þjónustu Jafnréttisstofu. Fjöldi símtala og tölvuskeyta berast, þar sem einfaldlega er spurt um hvar og hjá hverjum má nálgast þekkingu á hinum ýmsu sviðum jafnréttismála. Oft getur starfsfólk stofunnar svarað beint, en stundum er vísað í rit eða á aðra aðila sem dýpri þekkingu hafa á málefninu. Á árinu var ákveðið að efla heimasíðu Jafnréttisstofu til þess að auðvelda aðgengi að upplýsingum um jafnréttismál.

Einstaklingsmál

Jafnréttisstofa veitir bæði félagslega og lagalega ráðgjöf til einstaklinga. Flest af þeim málum sem stofunni berast eru einstaklingsmál. Jafnréttisstofa hefur markað sér þá stefnu að reyna ávallt að leysa málin með ráðgjöf um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem leita til stofunnar. Stofan tekur einnig stundum að sér að ræða við eða eiga bréfaskipti við það fyrirtæki eða þá stofnun sem talin er hafa brotið gegn viðkomandi einstaklingi á grundvelli laganna. Í flestum tilvikum leysast málin á þennan hátt, en ef ekki eða ef viðkomandi einstaklingur telur mikilvægt að fá álit kærunefndar, þá aðstoðar stofan við undirbúning kæru.

Sem fyrr leita mun fleiri konur en karlar eftir ráðgjöf hjá Jafnréttisstofu, bæði vegna almennra erinda og meintrar mismunar. Karlar leita þó í auknum mæli til stofnar. Greina má töluverða aukningu á fjölda erinda sem berast stofunni milli ára og eflaust má þakka það því að Jafnréttisstofa hefur fest sig í sessi sem stjórnvísu- og ráðgjafaraðili um málefni er varðar jafnrétti kynjanna. Á árinu var unnið að því að styrkja skjalamál og koma á kerfi sem veitir betri yfirsýn um fjölda þeirra sem til stofunnar leita og hvers eðlis erindin eru.

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa veitir ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana við gerð jafnréttisáætlana, en samkvæmt 13. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla (nr. 96/2000) ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Eins og undanfarin ár leituðu nokkur fyrirtæki og stofnanir aðstoðar stofunnar við gerð jafnréttisáætlana. Einnig leituðu fulltrúar sveitarfélaga ráðgjafar og upplýsinga um ýmis mál er lúta að jafnrétti kynjanna.

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Öðlaðist núverandi áætlun gildi vorið 2004 og gildir til 2008. Jafnréttisstofa er ráðuneytum og stofnunum ríkisins sem vinna að áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum innan handar hvað varðar upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf. Einnig sinnir hún eftirliti með framgangi áætlunarinnar. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og skila skýrslu til stofunnar um stöðu mála á áramótum.

CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).

Ísland er aðili að CEDAW-samningnum, og ber að gera sérfræðinganefnd sem sér fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna um eftirfylgni samningsins, grein fyrir stöðu jafnréttismála í landinu á fjögurra ára fresti. Skýrsla var síðast unnin á árinu 2004. Engar fyrirspurnir tengdar CEDAW bárust stofunni á árinu.

ILO – Alþjóðavinnuumálastofnunin

Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóða vinnuumálastofnuninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem m.a. er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Árið 2005 var óskað eftir upplýsingum um eftirfylgni við samþykktir ILO nr. 100 um jöfn laun og nr. 111 um bann við mismunun. Jafnréttisstofa vann drög að svörum við þessum fyrirspurnum fyrir félagsmálaráðuneytið.

Mannréttindanefnd Evrópuráðsins

Í júlí 2005 barst erindi frá Evrópuráðinu þar sem óskað var eftir svörum við spurningum um aðgerðir Íslendinga til að vinna gegn ofbeldi gegn konum. Spurningalistinn var yfirgripsmikill og vinnan við að svara honum kærkomið tækifæri til að endurnýja þekkinguna á stöðu þessara mála hérlendis. Á nokkrum sviðum er staðan á Íslandi þokkaleg miðað við það sem gengur og gerist í Evrópu en víða má gera mun betur.

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins kom í þriggja daga opinbera heimsókn Íslands á árinu. Mannréttindafulltrúinn hitti meðal annars forvígismenn verkaleyðshreyfingarinnar og félagasamtaka auk umboðsmanns Alþingis. Einnig fundaði hann með ráðherrum utanríkis-, dómsmála-, félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamála og heimsótti Alþingi, Hæstarétt, ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra. Margrét María Sigurðardóttir hitti fulltrúann ásamt kærunefnd jafnréttismála þann 4. júlí. Á fundinum var farið yfir stöðu mála í jafnréttis og mannréttindamálum á Íslandi. Í framhaldi af heimsókninni samdi mannréttindafulltrúinn skýrslu um stöðu mannréttinda á Íslandi sem kynnt verður ráðherranefnd og þingi Evrópuráðsins og síðan birt almenningi. Upplýsingar um starf mannréttindafulltrúans er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins:

http://www.coe.int/T/E/Commissioner_H.R/Communication_Unit/

Umsagnir

Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2005:

<i>Mál nr. 244</i>	Þingsályktunartillaga um stjórnmalapátttöku, áhrif og völd kvenna.
<i>Mál nr. 44</i>	Frumvarp til laga um faðernismál.
<i>Mál nr. 31</i>	Frumvarp til laga um sameiginlega forsjá.
<i>Mál nr. 279</i>	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sífjaréttar.
<i>Mál nr. 189</i>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.
<i>Mál nr. 78</i>	Frumvarp til breytingar á barnalögum.
<i>Mál nr. 29</i>	Þingsályktunartillaga um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalapátttöku, áhrifa og valda kvenna.
<i>Mál nr. 34</i>	Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.
<i>Mál nr. 374-340</i>	Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra.

Nefndir og vinnuhópar

Jafnréttisráðgjafi í Suðurkjördæmi

Árið 2005 var starfandi jafnréttisráðgjafi á vegum félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar í Suðurkjördæmi. Margrét María Sigurðardóttir átti sæti í ráðgjafarnefnd vegna verkefnisins árið 2005.

Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Í samráðshóp um jafnréttismál sveitarfélaga situr fulltrúi frá Jafnréttisstofu ásamt fulltrúa frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga, sviðsstjóra þróunarviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeim jafnréttisráðgjöfum sem starfa hjá sveitarfélögum. Þessi sveitarfélög eru Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Reykjavík. Meginhlutverk hópsins er að undirbúa Landsfund jafnréttisnefnda einu sinni á ári, í samvinnu við Jafnréttisstofu og það sveitarfélag sem heldur fundinn. Fulltrúi Jafnréttisstofu í hópnum árið 2005 var Ingunn Helga Bjarnadóttir, en undir lok ársins tók Hugu R. Hjaltadóttir við.

Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um kvennagagnabanka. Kvennagagnabankinn www.kvennaslodir.is varð aðgengilegur á netinu árið 2003. Bankinn hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega, þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið hæfar konur til margvíslegra starfa á fljótvirkan hátt. Fjármagn var tryggt fyrir árið 2005.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Árið 2005 sat Margrét María Sigurðardóttir í stjórn skrifstofunnar fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Málþing og opnir fundir

8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í tilefni dagsins efndi Jafnréttisstofa ásamt ASÍ, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, KRFÍ, SÍB, Reykjavíkurborg og Jafnréttisráði, til hádegisverðarfundar á Grand Hóteli í Reykjavík. Efni fundarins var jafnrétti á vinnumarkaði, ábyrgð atvinnurekenda. Silja Bára Ómarsdóttir flutti erindið “Jafnrétti á vinnumarkaði – hver er ábyrgð atvinnurekenda?” fyrir hönd Margrétar Maríu Sigurðardóttur, en hún var stödd á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna þennan dag.

Námskeið

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin voru ekki auglýst sérstaklega í ár heldur voru ákveðin í samræmi við eftirspurn. Námskeiðin sem Jafnréttisstofa býður upp á eru u.þ.b. fjórar klukkustundir að lengd og fjalla um jafnréttisstarf í víðu samhengi s.s. jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðin eru bæði í formi fyrirlestra og verkefnavinnu.

Verkefni

Jafnréttisstofa vinnur að ýmsum ólíkum verkefnum, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra. Ekki er pláss til að telja þau öll upp en nokkur ber þó að nefna sérstaklega.

Skiptir skeggrótin máli?



Í tilefni 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna þann 19. júní sendu félagsmálaráðherra, Árni Magnússon og Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, bréf til forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana til að minna ákvæði jafnréttislaganna um launamun kynjanna. Í bréfinu voru þeim kynntar skyldur sínar og bent á leiðir til að vinna að markmiðum um launajafnrétti. Verkefnið var kynnt í hátíðaravarpri ráðherra á Þingvöllum og auglýsingaplakat var gefið út.

Konukrónan



Í tilefni kvennafrídagsins þann 24. október lét Jafnréttisstofa gera auglýsingu með konukrónu. Auglýsingu með konukrónunni var dreift með tölvupósti fyrir 24. október. Konukrónan er 64,15% af venjulegri krónu, en það vísar til þess að meðal atvinnutekjur kvenna eru 64,15% af sömu tekjum karla. Auglýsingin hefur síðan verið notuð við ýmis tækifæri.

Sports, Media and Stereotypes (SMS)

Jafnréttisstofa hafði í maí 2004 forgöngu um að sækja um styrk til samstarfsverkefnis undir jafnréttisáætlun ESB. Verkefnið fjallar um staðalímyndir kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum og ber heitið *Sports, Media and Stereotypes – women and men in sports and media* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir - konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum*. Verkefnið var samþykkt og hlaut stofan 23ja milljóna króna styrk, sem fjármagnar um 80% af kostnaði verkefnisins. Einnig hefur stofan fengið styrki vegna verkefnisins frá menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Verkefnið hófst 1. nóvember 2004 og stendur í 15 mánuði. Samstarfsaðilar koma frá Noregi, Austurríki, Litháen og Ítalíu. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Námsbraut í fjölmiðlafræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofa í kvenna-

og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Samtök íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

Í verkefninu var gerð rannsókn í fimm Evrópulöndum á staðalímyndum og endurspeglun kynjanna í íþróttum og íþróttafréttum. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri stýrði rannsókninni og annast íslenska hluta hennar. Niðurstöður rannsóknarinnar verða notaðar til að hanna fræðsluefni fyrir íþróttafréttamenn, íþróttakennara og þjálfara, sem verður gefið út á margmiðlunarformi. Markmið fræðsluefnisins verður að hvetja til breytinga á birtingamyndum kynjanna í íþróttum og íþróttafréttum með því að auka meðvitund um áhrif einsletrar endurspeglunar af íþróttakonum og körlum. Námsbraut í fjölmiðlafræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri vann að gerð fræðsluefnisins.

Innan verkefnisins starfar ráðgjafahópur skipaður fulltrúum frá íþróttahreyfingu og íþróttafréttarituum í hverju þáttökulandi. Hlutverk hópsins er álitgjöf og ráðgjöf um þróun rannsóknar og fræðsluefnis. Fulltrúar Íslands í þessum hópi eru Samúel Örn Erlingsson fyrir hönd Samtaka íþróttafréttamanna og Krístrún Heimisdóttir fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Verkefnisstjóri SMS-verkefnisins er Ingunn H. Bjarnadóttir. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni: www.jafnretti.is/sms.

Modern Men in Enlarged Europe

Jafnréttisstofa var þátttakandi í evrópsku verkefni sem bar heitið *Modern Men in Enlarged Europe. Developing Innovative Gender Equality Strategies*. Umboðsmaður jafnréttismála í Litháen leiddi verkefnið en önnur þáttökuríki voru Malta og Danmörk. Verkefnið sneri að því að leita þátta sem auka eða draga úr þáttöku karla í umönnun barna sinna og sérstaklega hvað varðar möguleika þeirra til töku fæðingarorlofs.

Í öllum löndunum voru tekin viðtöl við karla sem voru eða hafa verið í orlofi og auk þess var rætt við stjórnendur á vinnustöðum og/eða stjórnmalamenn. Á Íslandi var rætt við 15 feður og 10 atvinnurekendur um reynslu þeirra. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Litháen 10. og 11. nóvember 2005 en auk skýrslu fyrir hvert land var gefin út sameiginleg skýrsla. Heimasíða verkefnisins er: www.dadcomehome.org en þar og á www.jafnretti.is má nálgast skýrsluna og frekari upplýsingar um verkefnið.

Modern Men in Enlarged Europe II

Jafnréttisstofa er þátttakandi í Evrópuverkefni sem ber heitið *Modern Men in Enlarged Europe II: Family-Friendly Policies*. Litháen leiðir verkefnið en Danmörk og Ítalía eru einnig þátttakendur. Markmið verkefnisins er að skoða hvaða samfélagslegu breytingar geti haft veruleg áhrif til að auka möguleika karla til að samþætta fjölskyldlíf og atvinnulíf og stuðli þannig að auknu kynjajafnrétti.

Á Íslandi verða tekin viðtöl við átta pör á vinnumarkaði og 10-15 atvinnurekendur. Jafnframt verður gerð almenn spurningakönnun með um

1000 þátttakendum. Vonast er til að meðal afurða verði bæklingur sem leiðbeini um bestu leiðir fyrirtækja og stofnana til að jafna fjölskylduábyrgð milli kynjanna. Verkefnið hófst í nóvember 2005 og því lýkur í lok árs 2006.

Konur kveðja, karlar eru um kyrrt

Jafnréttisstofa og Byggðarannsóknastofnun Íslands tóku þátt í norrænu samstarfsverkefni *Kvinner reiser, menn blir* eða *Konur kveðja, karlar eru um kyrrt* ásamt stofnunum í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Rannsókuð voru kynbundin áhrif norræna velferðarkerfisins og breytingar á vinnumarkaði á þéttbýli og hinar dreifðu byggðir, brottflutning úr dreifbýli í þéttbýli, auk áhrifa á stöðu, hlutverk og samskipti kvenna og karla á viðkomandi svæðum.

Verkefnið beindist að norðursvæðum þ.e. Norrbotten í Svíþjóð, Finnmerkur- og Troms fylkjum í Noregi, Lapplandi í Finnlandi, öllu Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið náði til árána 2002-2004. Á árinu 2003 fóru fram viðtöl á nokkrum svæðum á Íslandi og greining þeirra hófst. Verkefninu lauk á árinu með skýrslu og birtist hún ásamt öðrum skýrslum verkefnisins í bókformi árið 2005. Bókin ber heitið *Med periferien i sentrum – en studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien* og var ritstýrt af Anna-Karin Berglund, Susanne Johansson og Irene Molina. Ingólfur V. Gíslason vann að verkefninu fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði

Jafnréttisstofa tekur þátt í norræna verkefninu *Welfare, masculinity and social innovation* eða *Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði* sem unnið er í samstarfi við kynjafræðinga á Norðurlöndunum, en auk þess tengist verkefnið samevrópskum rannsóknum. Hið flókna samspil félagslegs frumkvæðis í atvinnulífinu og innan fjölskyldna er skoðað auk tengsla þess við breytingar á stöðu kynjanna og hugmynda um karlmennsku.

Verkefnið byggir á átta undirránskum sem unnar eru á Norðurlöndunum fimm og nær verkefnið yfir tímabilið 2002 til 2005. Hérlandis verður sjónum sérstaklega beint að þeim körlum sem nýtt hafa meira en sinn afmarkaða hluta af fæðingarorlofinu. Leitað verður svara við því af hverju þeir geri það, hvort þeir séu einnig frumkvöðlar á öðrum sviðum og hvaða augum þeir líti stöðu sína í breyttu samfélagi. Á árinu 2003 hófust viðtöl og greining þeirra. Þeim þætti verkefnisins lauk haustið 2004 og er reiknað með að endanleg skýrsla líti dagsins ljós árið 2006. Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu annaðist rannsóknirnar hérlandis. Hluti af niðurstöðum frá Íslandi var kynntur í bókinni *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, sem kom út 2005.

Mælistikur á launajafnrétti

Jafnréttisstofa tekur þátt í norræna verkefninu *På spåret av likalön* eða *Mælistikur á launajafnrétti* en Ísland hafði frumkvæði að verkefninu innan Norrænu ráðherranefndarinnar og var það í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum árið 2004.

Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði

samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum meðal annars varðandi samræmingu skilgreininga og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstafi við norræna sérfræðinga með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa Evrópusambandsins á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun. Verkefnisstjóri er Dr. Lilja Mósesdóttir, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Jafnréttisstofa sér um umsýslu verkefnisins. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2006.

Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna

Jafnréttisstofa vann að norræna verkefninu Nordiska erfaringar av föräldraorlov och dess innverkan på likestilling mellan kvinnor och män eða Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna. Markmið verkefnisins er að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvaða áhrif hún hefur haft á þessum sviðum. Ingólfur V. Gíslason hefur yfirumsjón með verkefninu en Fríða Rós Valdimarsdóttir vann verkefnið. Skýrsla var gefin út rafrænt í upphafi árs 2005. Hún var skrifuð á íslensku og þýdd á sænsku og er aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Fostering Caring Masculinities

Jafnréttisstofa er þátttakandi í Evrópuverkefni sem ber heitið *Fostering Caring Masculinities* (FOCUS). Ásamt Íslandi eru Noregur, Slóvenía, Spánn og Þýskalanda þátttakendur og er verkefnið leitt af Norðmönnum. Verkefnið miðar að því að greina hvaða hindranir séu í vegi fyrir því að karlar taki meiri þátt í fjölskyldulífi og þá sérstaklega hvaða varðar atvinnulífið. Jafnframt verður skoðað hvort um sé að ræða raunverulegar hindranir eða hvort þáttökuleysið stafi frekar af því að málin séu ekki tekin upp og rædd. Það er að segja hvort starfsmenn gefi sér t.d. að yfirstjórnin sé neikvæð gagnvart möguleikum til að hliðra til vegna fjölskylduáðstæðna frekar en að sú neikvæðni sé raunverulega til staðar.

Til að kanna þetta eru valin tvö fyrirtæki eða stofnanir í hverju þáttökulandi og tekin viðtöl við stjórnendur og yfirmenn annars vegar og starfsmenn (karla) hins vegar. Stefnt er að því að ræða við 2-3 stjórnendur og yfirmenn og 3-4 starfsmenn á báðum stöðum. Ef áhugi er á því hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum á fundi eða með öðrum hætti þannig að þetta nýtist við þróun starfsmanna- og jafnréttisstefnu. Verkefnið hófst í nóvember 2005 og því lýkur í lok árs 2006.

Útgáfa og vefsíða

www.jafnretti.is

Reglulega eru birtar fréttir og upplýsingar á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is Undir lok árs 2005 var samið við fyrirtækið D10 um hönnun nýrrar síðu en hún verður tekin í notkun 2006.

Bókagreinar

Ingólfur V. Gíslason: “Feður sem taka lengra fæðingarorlof.” Í Úlfar Hauksson (ritstj.): *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ingólfur V. Gíslason & Kjartan Ólafsson: “Könsmonster i flyttingar frá landsbygden på Island.” Í Anna-Karin Berglund o.fl. (ritstj.): *Med periferien i sentrum – en studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Alta. Norut NIBR Finmark.

Kynningar í fjölmiðlum

Áhersla hefur verið lögð á kynningar og auglýsingar í fjölmiðlum þegar við hefur átt. Nokkur fjöldi viðtala við starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi innan lands og utan, auk þess sem starfsfólk hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna. Viðtöl við starfsfólk hafa birst í flestum innlendum miðlum og erlendis m.a. í Bretlandi, Bandaríkjunum, Litháen, Þýskalandi og Japan. Erlendir fjölmiðlar sýna mestan áhuga á árangri Íslands í að fá feður til að nýta sér fæðingar- og foreldraorlof en umfjöllunarefni í íslenskum fjölmiðlum eru fjölbreytilegri.

Fréttatilkynningar

- 19. júní – Skiptir skeggrótin máli.
- 13. júlí – Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2004 komin út.
- 14. september – Fimm ára afmæli Jafnréttisstofu og samþykkt starfsmannastefnu.
- 20. október – Fréttatilkynning í tilefni 30 ára afmæli Kvænnafrídagsins. Stofan spurði atvinnurekendur hvort þeir greiði laun í konukrónum. (Sjá mynd hér að neðan).
- 5. desember - Bókasafn Jafnréttisstofu afhent Háskólanum á Akureyri til varðveislu.



Fræðslufundir og erindi

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Ýmsir aðilar sóttu Jafnréttisstofu heim á síðasta ári, jafnt erlendir gestir sem innlendir. Hér er listi yfir heimsóknir á stofuna árið 2005:

- 23. febrúar – Þorgerður Þorvaldsdóttir, sagn- og kynjafræðingur heimsótti stofuna og tók viðtöl við starfsfólk vegna rannsóknarverkefnis.
- 14. mars – Frumkvöðlasetur ungs fólks úr Húnaþingi vestra.
- 18. mars – Kristín Ólafsdóttir, jafnréttisráðgjafi, kynnti starfsfólki stofunnar starfsmatsverkefni Launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 11. apríl – hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands kom við á stofunni en hann var í opinberri heimsókn á Akureyri.
- 13. apríl – Steinunn Ketilsdóttir frá ráðgjafastofunni Intellecta.
- 15. apríl – bændakonur í verkefninu Lifandi landbúnaður komu í heimsókn og spjölluðu um jafnréttismál til sveita.
- 26. apríl – Kynjafræðinemar við Háskólann á Akureyri komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi stofnunarinnar.
- 28. apríl – erlendir nemendur í heimsókn hjá Háskólanum á Akureyri heimsóttu stofuna og fræddust um starfsemi hennar.
- 6-7. maí – Jafnréttisnefndir sveitarfélaga funduðu með starfsfólki Jafnréttisstofu, í tengslum við landsfund þeirra á Akureyri.
- 20. júní – hópur bandarískra kvenna í atvinnurekstri heimsótti stofuna og fræddist um starfsemi hennar.
- 10. nóvember – Auður H. Ingólfssdóttir frá Staðardagskrá 21.
- 13. desember – jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna komu og héldu vinnu- og fræðslufund með stofunni.

Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi. Árið 2005 hélt starfsfólk stofunnar m.a. eftirtalin erindi:

- 24. janúar – „Karlar til ábyrgðar.” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf.
- 8. mars – „Jafnrétti á vinnumarkaði – hver er ábyrgð atvinnurekenda?” Silja Bára Ómarsdóttir hélt erindi á hádegisverðarfundum í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna.
- 11. apríl – „Karlar og konur á Íslandi. Þróun og staða” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á Arnarstapa.
- 19. apríl – „Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða”, Silja Bára Ómarsdóttir hélt erindi á samráðsfundi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna í sjávarútvegsráðuneyti.
- 30. apríl – „Hvað hefur breyst?” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á samkomu Kristilegs félags ungra manna (KFUM).
- 6. maí – „Vinnuveitendahlutverk sveitarfélaga”, Silja Bára Ómarsdóttir hélt erindi á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga, Ketilhúsinu.

- 6. maí – „Hvernig getur Jafnréttisstofa unnið með atvinnulífinu að launajafnrétti kynjanna?” Margrét María Sigurðardóttir hélt erindi á málþingi Akureyrarbæjar um jafnlaunamál, í tengslum við landsfund jafnréttisnefndanna.
- 21. maí – „Karlar og jafnrétti.” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi hjá Vinstri hreyfingunni, grænu framboði.
- 7. júlí – „The Icelandic model of paternity leave – a success?” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi fyrir erlenda stúdenta við Viðskiptaháskólann á Bifröst.
- 6. september – „Feður og fæðingarorlof.” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á „Hitti” Femínistafélagsins.
- 15. september – Kynning á jafnréttismálum og starfssemi Jafnréttisstofu, Margrét María Sigurðardóttir í félagsmálaráðuneytinu.
- 30. september – „Jafnréttismál / Launamál.” Margrét María Sigurðardóttir hélt erindi á þingi Alþýðusambands Norðurlands, Illugastöðum.
- 23. september – „Skyldur forstöðumanna út frá ákvæðum jafnréttislaga.” Margrét María Sigurðardóttir hélt erindi hjá Sýslumannafélaginu.
- 19. október – „Nútímakarlar?” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri.
- 21. október – „Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárhagsáætlanagerð” Silja Bára Ómarsdóttir hélt erindi á ráðstefnu UNIFEM „Konur í hnattvæddum heimi”, Háskóla Íslands.
- 3. nóvember – „Konurnar flytja, karlarnir eru um kyrrt” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi í Reykjavíkurakademíunni.
- 3. nóvember – „Vandalaust?” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á afmælisfundi Jafnréttisnefndar Kópavogs.
- 29. nóvember – „Voru strákarnir skildir eftir?” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi í Vesturbæjarskóla.
- 1. desember – “Á hverfanda hveli.” Ingólfur V. Gíslason hélt erindi á karlaráðstefnunni „Karlar um borð.”

Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra

Á árinu voru haldnir ýmsir fundir, námskeið og ráðstefnur á sviði jafnréttismála og málefna kynjanna. Vegna tíma- og fjármagnsskortsva aðeins hægt að sækja hluta af því sem til boða stóð. Einnig hefur starfsfólk stofunnar sótt endurmennunarnámskeið af ýmsu tagi. Starfsfólk Jafnréttisstofu sótti m.a. eftirtaldar ráðstefnur, málstofur og námskeið:

- 6.-7. febrúar – námskeið um Stjórnsýslu- og upplýsingalög hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.
- 8. mars – málþing á vegum launþegasamtaka á Grand Hótel.
- 8. mars – málþing á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í Norræna húsinu.
- 8. mars – baráttufundur á vegum Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna – Ráðhúsi Reykjavíkur.
- 10. mars – Stjórnarskrárráðstefna á vegum félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri.
- 29. apríl – Kosningaréttur kvenna 90 ára. Ráðstefna á vegum RIKK.

- 14.-15. apríl – ráðstefna til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur, á 75 ára afmæli hennar.
- 26.-27. maí – Völd til kvenna II á Bifröst.
- 19. júní – 90 ára kosningarétti kvenna fagnað á þingvöllum.
- 21. október – Konur í hnattvæddum heimi í Háskóla Íslands.
- 27. október – Málþing Jafnréttisráðs um launajafnrétti.
- 24. október – Kvennafrídagurinn.
- 2. desember – trúnaðarmannanámsskeið BHM.

Ráðstefnur og fundir erlendis

Starfsfólk Jafnréttisstofu á sæti í fjölda nefnda og vinnuhópa erlendis og hefur sótt ráðstefnur, fundi og málþing í því sambandi. Stofunni berast mörg boð um þátttöku í áhugaverðum ráðstefnum og námskeiðum erlendis, en sökum tíma og fjármagnsskorts er aðeins hægt að þiggja brot af þeim boðum. Árið 2005 sóttu starfsfólk Jafnréttisstofu eftirfarandi atburði erlendis:

- 31. janúar – Norræna karlanefndin, Kaupmannahöfn.
- 2.-3. febrúar – undirbúningsfundur ESB vegna Peking+10 ráðstefnunnar. Fundurinn var í Lúxembúrg.
- 10. febrúar – Meeting of promoters, vegna jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins, Brussel.
- 6.-13. mars – fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW), Peking+10 ráðstefnan, New York.
- 15.-16. mars – fundur norræns vinnuhóps um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð, Osló.
- 20.-22. mars – Vinnufundur Modern Men verkefnisins, Möltu.
- 6.-8. apríl – fundur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um staðla og viðmið í jafnréttisstarfi, Strasbourg.
- 23. maí – EFTA seminar um EES, Brussel.
- 23.-24. maí – ráðstefna um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð, Kaupmannahöfn.
- 8.-10. júní – jafnréttisnefnd Evrópuráðsins, Strasbourg.
- 7. júlí – Programme Committee, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Brussel.
- 29.-30. ágúst – Stýrihópur verkefnisins Modern Men fundaði í Kaupmannahöfn.
- 6.-8. október – Women and Democracy ráðstefna í Rússlandi.
- 19. október – Working Group on Gender Equality, EFTA, Brussel.
- 20. október – Advisory Committee, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Brussel.
- 26.-28. október - fundur sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um staðla og viðmið í jafnréttisstarfi, Strasbourg.
- 17.-18. nóvember – lokaráðstefna Evrópuverkefnisins “Modern Men”, Vilnías.
- 20. nóvember – Norræna karlanefndin, í Finnlandi.
- 6.-7. desember – sérfræðingafundur jafnréttisnefndar Evrópuráðsins um stöðu karla í fjölskyldunni, Strasbourg.

Erindi flutt erlendis

Starfsfólk Jafnréttisstofu fluttu á árinu erindi á ýmsum ráðstefnum og málþingum erlendis:

- 6. október – „Föräldraledighet på Island – några undersökningar.” Erindi á ”utvärderingsmöte” norrænna tryggingastofnana.
- 6.-8. október – Erindi um fæðingar og foreldraorlof, flutt á Women and Democracy, í Rússlandi.
- 13. október – „Kön och våld Norrænt rannsóknaverkefni 2000-2005.” Erindi á ráðstefnunni Karlar, konur og ofbeldi.
- 17. nóvember – „Icelandic fathers go for it.” Erindi á lokaráðstefnu Evrópuverkefnisins Modern Men in Enlarged Europe, í Vilnius.
- 18. nóvember – „Why paternity leave?” Erindi á lokaráðstefnu Evrópuverkefnisins Modern Men in Enlarged Europe, í Vilnius.
- 21.-22. nóvember – „No problem? Icelandic men and paternity leave” Erindi flutt á ráðstefnunni Possibilities and challenges – men’s reconciliation of work and family life, Paasitorni Conference Centre, Helsinki, Finland.
- 24. nóvember – „Icelandic men and paternity leave.” Erindi flutt á ráðstefnunni Derfor holder menn barsel, í Hróarskeldu.
- 6. desember – „Men as victims.” Erindi á sérfræðingafundi Evrópuráðsins í Strassbourg.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Regluleg samskipti eru á milli Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Fulltrúar Jafnréttisstofu sækja, þegar mögulegt er, reglulega samráðsfundi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Á árinu 2005 fólst samstarfið aðallega í eftirliti með framkvæmd áætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til fjögurra ára. Þá fundaði starfsmaður Jafnréttisstofu með hverjum og einum jafnréttisfulltrúanna til að meta samstarfið. Einnig sóttu fulltrúarnir vinnudag hjá stofunni í lok árs.

Norrænt samstarf

MR-JÄM – Ráðherranefnd um jafnréttismál

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfar sérstök ráðherranefnd jafnréttisráðherra. Árið 2005 fór Margrét María Sigurðardóttir með Árna Magnússyni á norrænan ráðherrafund sem var haldinn í Kaupmannahöfn þann 20. maí.

ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál

embættismannanefnd um jafnréttismál. Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, á sæti í nefndinni en Margrét María Sigurðardóttir er vara maður hans. Í samstarfsáætlun Norðurlandanna fyrir árin 2001-2005 er áherslan lögð á kynjaða hagstjórn, karla og jafnrétti ásamt aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og eru starfandi vinnuhópar um þessi málefni. Á árinu voru unnin drög að nýrri áætlun fyrir árin 2006-2010.

Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna

Norræna ráðherranefndin heldur úti vefsvæði um jafnrétti kynjanna. Markmið vefsvæðisins er að miðla upplýsingum um hvernig unnið er að því að jafna hlut kynjanna á Norðurlöndum. Því er ætlað að vera upplýsingaveita um aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði ásamt því að birta hagtölur, lög, lagabreytingar, nýjungar, greinargerðir, verkefni og skoðanir. Vefsvæðið má finna á slóðinni: <http://gender.norden.org>. Hugrún R. Hjaltadóttir á sæti í ritstjórn vefsvæðisins fyrir Íslands hönd.

Nefnd um karla og jafnréttismál

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um jafnrétti er starfandi vinnuhópur sem einbeitir sér að þeim þætti samnorrænu jafnréttisáætlunarinnar sem snýr að körlum. Nefndin fundaði tvisvar á árinu og hefur aðallega unnið að því að skipuleggja málþing í hverju hinna norrænu landa um málefni sem tengjast körlum og jafnrétti kynja. Ingólfur V. Gíslason hefur setið í þessari nefnd af Íslands hálfu.

Nefnd um kynjaða hagstjórn

Fulltrúar frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sitja í nefnd um kynjaða hagstjórn (samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagavinnu). Verkefni hópsins er að skoða dreifingu á fjármagni með hliðsjón af kynferði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála en hingað til hefur lítið verið vitað hvernig fjármagnið dreifist með tilliti til kynja. Silja Bára Ómarsdóttir á sæti í þessari nefnd fyrir hönd Jafnréttisstofu. Sérstakur vinnuhópur sinnir verkefninu á Íslandi, en það skoðar dreifingu útgjalda til öryrkja á Íslandi. Í íslenska vinnuhópnum eiga einnig sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins. Drög að skýrslu voru unnin á árinu og verður hún gefin út 2006.

NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum

Jafnréttisstofa tilnefndi Kjartan Magnússon, sérfræðing hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri til setu í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum (NIKK) frá árinu 2005. Tók hann sæti sem varamaður. Aðalmaður í stjórn er Dagný Kristjánsdóttir frá Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um NIKK má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.nikk.uio.no/>

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna

Nefnd um jafnréttismál

Á árinu var haldinn fyrsti fundur nefndar um jafnréttismál á vegum Norðurlanda og Eystrasaltslanda. Nefndin starfar eftir áætlun sem nær til árana 2004-2006. Meginmarkmið hennar að styrkja og stuðla að samstarfi þeirra opinberu stofnana sem fara með jafnréttismál á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum, tryggja jafnan rétt og tækifæri fyrir konur og karla á öllum sviðum samfélagsins og stuðla að frekara samstarfi við Evrópusambandið. Margrét María Sigurðardóttir átti sæti í nefndinni árið 2005.

Evrópskt samstarf

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins

Á vegum Evrópuráðsins er starfandi stjórnarnefnd um jafnréttismál, CDEG. Silja Bára Ómarsdóttir var fulltrúi Íslands í nefndinni árið 2005. Nánari upplýsingar um nefndina má finna á eftirfarandi slóð:

<http://humanrights.coe.int/equalty/Eng/EqualityCommittee/EqualityCommittee.htm>

Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál mótar stefnu sambandsins í þessum málaflokki og gerir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna. Margrét María Sigurðardóttir var fulltrúi í ráðgjafarnefndinni árið 2005 ásamt fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu.

Framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál

Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál starfar eftir framkvæmdaáætlun ráðgjafarnefndar ESB um jafnréttismál. Ingunn H. Bjarnadóttir sat í nefndinni árið 2005 en Hugrún R. Hjaltadóttir tók við hennar sæti í lok ársins. Nefndin veitir árlega styrki til jafnréttisverkefna. Meðal verkefna sem hlotið hafa styrk úr áætluninni er verkefnið *Sports, Media and Stereotypes* sem sagt er frá annars staðar í ársskýrslunni. Nánari upplýsingar um framkvæmdanefndina er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm

EFTA vinnuhópur um jafnréttis- og fjölskyldumál

Vinnuhópur EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál eða *The Working Group on Gender Equality and Family Affairs* fjallar um tillögur Evrópusambandsins að tilskipunum og leiðbeinandi reglum á sviði jafnréttismála og fjölskyldumála. Félagsmálaráðuneytið á fulltrúa í vinnuhópnum og fulltrúi frá Jafnréttisstofu sækir fundi þegar unnt er.

Daphne verkefnaáætlun ESB

Árlega eru veittir styrkir úr Daphne verkefnaáætlun Evrópusambandsins til verkefna sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi á börnum, ungmennum og konum (*Programme of Community Action on Preventive Measures to fight Violence against Children, Young People and Women*). Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa hafa umsjón með áætluninni hér á landi. Ingunn H. Bjarnadóttir átti sæti í verkefnisnefnd Daphne árið 2005 og hefur Hugrún R. Hjaltadóttir tekið við sæti hennar. Nánari upplýsingar um áætlunina er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/justice_home/funding/daphne/funding_daphne_en.htm

Jafnréttisráð

Gott samstarf var milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þrátt fyrir að engin formleg tengsl séu milli þessara stofnana samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi ráðsins og stofunnar leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð sem samsvarar hálfu starfi.

Í Jafnréttisráði eiga sæti:

Fanný Gunnarsdóttir, formaður,
Þórhallur Vilhjálmsson, tiln. af fjármálaráðuneyti, varaformaður,
Ísleifur Tómasson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands,
Þórveig Þormóðsdóttir, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,
Guðni Elísson, tiln. af Háskóla Íslands,
Kristín Þorsteinsdóttir, tiln. af Kvenfélagasambandi Íslands,
Þorbjörg Inga Jónsdóttir, tiln. af Kvenréttindafélagi Íslands,
Gústaf Adolf Skúlason, tiln. af Samtökum atvinnulífsins,
Anna Kristinsdóttir, tiln. af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Varamenn:

Sigurjón Örn Þórsson,
Ragnheiður E. Árnadóttir, tiln. af fjármálaráðuneyti,
Matthildur Sigurjónsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands,
Einar Ólafsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,
Guðný Guðbjörnsdóttir, tiln. af Háskóla Íslands,
Halldóra Stefánsdóttir, tiln. af Kvenfélagasambandi Íslands,
Helga Guðrún Jónasdóttir, tiln. af Kvenréttindafélagi Íslands,
Hrafnhildur Stefánsdóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins,
Lúðvík Hjalti Jónsson, tiln. af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Kærunefnd jafnréttismála

Engin formleg tengsl eru á milli Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið við að útbúa kærur til kærunefndar. Stofan heldur einnig utan um málalyktir og fylgir málum eftir óski kærandi þess.

Á árinu 2005 bárust kærunefndinni 10 kærur. Nefndin úrskurðaði í 8 málum, sem bárust til hennar á árunum 2004-5, en af þeim taldi hún eitt vera brot á jafnréttislögum. Álit nefndarinnar má nálgast á eftirfarandi slóð:

<http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>